



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 22. ágúst 2025

FAS25020043

Innkaupa- og framkvæmdaráð

16106 Endurnýjun skrifstofurýmis FAS

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 26. júní 2025 og skiluðu níu fyrirtæki inn tilboði í einn eða fleiri hluta.

Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016 og var útboðið auglýst innanlands og á EES.

Um er að ræða útboð vegna endurnýjunar skrifstofurýmis Fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12–14, 4. hæð. Útboðið nær til endurnýjunar innréttinga, lausra húsgagna, glertaflna, lofthljóðvistarlausna og gólfefna, auk gluggatjalda og annarrar tengdrar aðstöðu. Samningstími miðast við afhendingu og uppsetningu á haustönn 2025 í samræmi við tímaramma verkefnisins.

Áður hafa tilboð í eftirfarandi liðum verið samþykkt:

- Hluti 2 – Innréttingar: Sýrusson hönnunarhús ehf.
- Hluti 4 – Húsgögn A: Sýrusson hönnunarhús ehf.
- Hluti 4 – Húsgögn B: Egilsson ehf.
- Hluti 6 – Glertöflur: Sýrusson hönnunarhús ehf.

Jafnframt hefur verið veitt heimild til samningskaupa í eftirfarandi liðum:

- Hluti 1 – Gólfefni
- Hluti 5 – Lofthljóðvistarlausnir

Óskað er eftir heimild Innkaupa- og framkvæmdaráðs til samningskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar í samræmi við 12.4. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og a-lið 39. gr. laga um opinber innkaup vegna eftirfarandi hluta:

- hluti 3 - Gluggatjöld

Virðingarfyllt
Halldóra Káradóttir
Fjármála- og áhættustýringarsvið
[Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs]

Hjálagt: Opnunarfundargerð